



# Aksturssjóður HSB

Reglugerð sjóðsins:

## 1. grein

Sjóðurinn heitir Aksturssjóður HSB.

## 2. grein

Tilgangur sjóðsins er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSB í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSB.

Félagssvæði HSB er stórt, dreifbýlt og vegalengdirnar tiltölulega miklar þegar horft er til heildarinnar og aðstæðna. Með sjóðnum er leitast við að gefa börnum og unglingum innan HSB aukin tækifæri til æfinga og þátttöku í skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi. Um leið er stutt við skipulagt starf virkra aðildarfélaga HSB í héraði og jafnframt hvatt til aukins samstarfs milli aðildarfélaga HSB þar sem það á við.

## 3. grein\*

Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSB geta sótt um styrki úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið foreldrar/forráðamenn, hópur foreldra eða aðildarfélög HSB. Til að umsókn geti farið fyrir aksturssjóð HSB þarf akstur á æfingastað að vera umfram 35 km hvora leið. Leitast skal við að sameina í bíla eins og kostur er. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum vegna sérstakra æfingabúða utan héraðs.

## 4. grein

Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSB til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSB kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.

## 5. grein

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSB.

## 6. grein

Tekjur Aksturssjóðs eru:

- a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSB
- b) Tekjur frá Íslenskum getraunum\*
- c) Frjáls framlög og söfnunarfé
- d) Vaxtatekjur

## 7. grein

Stjórn sjóðsins setur nánari úthlutunarviðmið en gengið er út frá ákveðnum einingatölum fyrir hvern ekinn kílómetra.

## 8. grein

Hægt verður að sækja um styrk frá sjóðnum vegna ferðakostnaðar og verður umsóknarferli auglýst 3 sinnum á ári. Umsóknir eiga að berast á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg verða á vef HSB.



*Samþykkt á Ársþingi HSB í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017 og var þá fyrri reglugerð jafnframt felld úr gildi.*

*\*Breytingar voru samþykktar á 10. Ársþingi HSB í Ydölum 11. mars 2018 þar sem viðmiðunarvegalengd var lækkuð úr 40 km í 3. grein, og tekjuliður í 6. grein b) liðar var leiðréttur*